

Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Norðurland vestra, 5. desember 2025

Efni: Umsögn stjórnar SSNV um drög að atvinnustefnu Íslands - vaxtarplan til 2035. Mál nr. S-226/2025.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fagnar því að fram séu komin drög að atvinnustefnu Íslands til 2035 til umsagnar og tekur jákvætt í meginmarkmið stefnunnar um aukna framleiðni, fjölbreyttan útflutning og blómlegt atvinnulíf um land allt. Í drögunum er lögð áhersla á að styðja við nýjar fjárfestingar á landsbyggðinni, þróun kjölfestuverkefna og styrkingu innviða með það að markmiði að stuðla að hagvexti og fjölbreyttum störfum í öllum landshlutum, sem er mikilvæg nálgun fyrir jafnvægi í byggðapróun og verðmætasköpun.

Stjórn SSNV telur þó að efla þurfi umfjöllun um landbúnað í drögunum. Á Norðurlandi vestra er landbúnaður ein af burðarstöðum atvinnulífs, byggðafestu og verðmætasköpunar. Þó að rætt sé um matvælageirann í samhengi við sjávarútveg, lagareldi, hátækniframleiðslu próteina, ylrækt og ýmsar landbúnaðarafurðir, er hefðbundinn landbúnaður og hans lykilhlutverk í samfélaginu lítt tekið til skoðunar. Þá vantar sjónarhorn um matvælaöryggi og fæðuöryggi sem grunnþátt áfallapóls samfélagsins, sem ætti að vera skýrt viðfangsefni í atvinnustefnu landsins með hliðsjón af reynslu atvinnuvegaráðuneytis af slíkum málum.

Stjórn SSNV tekur undir þá áherslu að öflugir innviðir séu grunnforsenda samkeppnishæfs atvinnulífs og verðmætasköpunar. Í þeim tilgangi er mikilvægt að tryggja að landsbyggðir, þar sem stór hluti útflutnings og frumframleiðslu fer fram, njóti forgangs í innviðafjárfestingu. Slík nálgun styrkir ekki aðeins atvinnulíf og útflutningsgreinar heldur skapar skilyrði til frekari fjárfestinga, eykur framleiðni og styður við byggðafestu. Reynslan af sambærilegum aðgerðum í nágrannaríkjum, t.d. Noregi, bendir til þess að afmarkaðir hvatar, svo sem skattaívilnanir, sértækt lánaþyrirkomulag eða stuðningur við mannauð, geti skilað jákvæðum og sjálfbærum árangri.

Í drögunum er jafnframt lögð áhersla á nýsköpun og vísindastarf sem drifkraft útflutnings og aukningu á framleiðni. Stjórn SSNV tekur undir þessa áherslu en vill jafnframt árétta að nýsköpun þarf að vera byggð á sérstöðu og raunhæfum styrkleikum hverrar byggðar. Landshlutar sem búa yfir raforkuframleiðslu, jarðvarma, ræktunarlöndum, iðnaðarklasa eða þekkingu í hringrásarlausnum þurfa að geta þróað nýsköpun á eigin forsendum. Þannig má

tryggja fjölbreytt störf á landsbyggðinni, auka áfallapól og mynda nýjar stoðir útflutnings og verðmætasköpunar.

Að lokum álitur stjórn SSNV mikilvægt að framkvæmd og eftirfylgni atvinnustefnunnar verði unnin í nánu samstarfi við landshlutasamtök og sveitarfélög sem þekkja best styrkleika og áskoranir svæðanna.

Stjórn SSNV leggur því til að endanleg atvinnustefna endurspegli betur hlutverk landbúnaðar og matvælaöryggis, tryggi markvissari innviðafjárfestingu á landsbyggðinni, styðji nýsköpun sem byggir á sérstöðu svæða og hafi sterka tengingu við þau svæðisbundnu kerfi sem skapa raunveruleg atvinnutækifæri, byggðafestu og verðmætasköpun um land allt.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Sveinbjörg/Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri